



# Norðvesturlandið tekið með áhlaupi

Eftir langa og stranga þingfundí allt frá miðjum ágúst til 18. september, þar sem umræðan snerist að langmestu leyti um EES-samninginn og frumvörp tengd honum, var gert tveggja vikna hlé á þingfundum. Þingkonur Kvennalistans sitja aldrei auðum höndum, þótt hlé verði á ræðuhöldum, og var bjölluglamur þingforseta tæpast hljóðnað, þegar þær skelltu á skeið norður í Húnaþing og Skagafjörð til fundar við Kvennalistakonur og annað gott fólk þar. Í fylgd með þingflokknum var Þórunn starfskona, og fór heila hersingin á þrem drossíum norður heiðar.

Mánudagskvöldið 21. september héldu þingkonur fund með Kvennalistakonum í Norðurlandi vestra. Ásgerður Pálsdóttir gerði þar grein fyrir starfi nefndar um sameiningu sveitarfélaga, sem hún situr í fyrir okkar hönd. Mikill áhugi er á þessum málum, og sýnist sitt hverjum, en ákveðið var, að konur í Norðurlandi vestra færu yfir tillögur nefndarinnar og gerðu drög að ályktun fyrir landsfundinn.

Morganinn eftir skildu leiðir. Kristínarnar Ástgeirs og Einars fóru til Hofsóss og Siglufjarðar, Jóna Valgerður og Þórunn fóru um Sauðárkrók og Skagaströnd, og Anna og Ingibjörg Sólrun heimsóttu Blönduós og Hvammstanga.

## Kristín Einars segir frá:

**HOFSSÓS.** Fórum á skrifstofu hreppsins og hittum Jón Guðmundsson sveitarstjóra og konu hans, Þóru Kristjánsdóttur. Íbúar í sveitarfélagini 411, af þeim 250 í þorpinu. Sveitar-

félögini sameinuðust fyrir nokkrum árum þegar Hofsós fór í „gjörgæslu“. Góð reynsla af sameiningunni, en hjónin lögðu áherslu á að góð samstaða yrði að vera um hana, ekki væri hægt að þvinga menn til samstarfs. Frystihúsið hefur gengið þokkalega. Hljóðkútaverksmiðjan Stuðlaberg (eina á landinu) gengur nokkuð vel. Vélaverkstæði á staðnum. Íslenski fáninn saumaður hér. Ein kona rekur saumastofu og fær konur til aðstoðar þegar mikið er að gera. Gengur sæmilega að fá grunnskólakennara. Á síðasta ári var gert upp gamalt fiskaðgerðarhús, sem er í eigu Þjóðminjasafnsins. Þar er minjasafn, sem sveitarfélagið rekur. Búist var við, að 1000 manns kæmu í safnið í sumar, en þangað komu 3000 manns. Einnig er búið að gera upp gamalt hús sem er í einkaeign og gera þar veitingastofu. Hjónin voru harðorð í garð ríkisstjórnarinnar vegna skattlagningar á sveitarfélögini. Betra væri að skatleggja sólina en snjóinn, sagði Jón. Almennt ríkti bjartsýni í seinni tið og meiri hugur væri í fólkí að slást fyrir framtíð byggðarinna.

**SIGLUFJÖRÐUR.** Eftir stutta heimsókn á bæjarskrifstofuna ræddum við málin yfir hádegisverði við fjóra fulltrúa úr bæjarráði og héldum síðan áfram umræðum í herbergi bæjarráðs. Það kom fram að bæjarstjórn hafði daginn áður samþykkt harðorð mótmæli vegna tillagna ríkisstjórnarinnar um aukna skattlagningu á sveitarfélög og var þungt í fólkí, ekki síst vegna virðisaukaskatts á snjómoksturinn, en hann er mjög mikill á Siglufirði. Í bænum búa um 1700 manns, en voru 3500 þegar mest var. Einn frystitogari og tveir ísfisktogaar. Atvinnuástand ekki mikið verra en verið hefur. Mikið af eldra fólkí á atvinnuleysissskrá. Mikið er af gömlu fólkí í bænum. Langir biðlistar eru eftir vist á dvalarheimili aldraðra. Sjúkrahúsið er fyrt og fremst öldrunarsjúkrahús. Bæjarfulltrúar töldu fráleitt, ekki síst vegna legu bæjarins og einangrunar á vetrum, að leggja niður skurðstofu sjúkrahússins og að þjónustan yrði að mestu flutt í eitt sjúkrahús í kjördæminu. Þyrstu aðra heilsugæsluhjúkrunarkonu. Vegaframkvæmdir eru efstar á forgangslistananum og telja þau mikilvægt að vegurinn yfir í Fljót verði lagaður og bundið slitlag sett á hann. Voru mjög óánægð með lista ríkisstjórnarinnar yfir framkvæmdir í vegamálum. Loðnubræðslan er geysistórt og mikilvægt fyrirtæki í bænum og vorum við drjúgan tíma að skoða hana. Heimsóttum lítinn kennavinnustað, Siglfirska útgáfufélagið, sem gefur út Helluna, bæjarblað, sem kemur

út mánaðarlega, og Tunnuna, sem kemur út vikulega með útvarps- og sjónvarpsdagskrá. Verið er að setja á stofn síldarminjasafn í Roaldsbrakka, sem er norskt hús byggt 1907. Safnið á að vera sérhæft safn um veiðar og vinnslu síldarinnar. Á staðnum er enn gömul verbúð sem vonandi verður gerð upp en ekki rífin, eins og margir vilja víst. Athygli okkar vakti hve snyrtilegt var í þaum og verið að gera upp mörg falleg hús, en talað hefur verið um að i þeim efnunum hafði ýmislegu verið ábótavant hér áður fyrr. Sama gildir um þá sem við töluðum við hér og á Hofsósi, að aukinnar bjartsýni gætir meðal fólks og það er tilbúið til að slást fyrir framtíð byggðarlagsins.

#### Jóna Valgerður segir frá:

**SAÐÁRKRÓKUR.** Eftir heimsókn okkar Þórunnar á bæjarskrifstofuna, þar sem Elsa Jónsdóttir bæjarritari tók á móti okkur í fjarveru bæjarstjóra, var haldið í Fjölbraudaskólan. Skólastjórinn kynnti okkur hin þróngu húsakynni skólans, en aðalstarfið fer fram í verknámshúsinu, sem um þessar mundir er „nokkurra bala hús“. Það stendur þó til bóta, þar sem í byggingu er bóknámshús, sem fyrirhugað er að taka í notkun 1994. Þá er heimavistin orðin þétt setin nemendum og komast færri að en vilja. Þar er því líka þörf á úrbótum. Skólinn hefur skipað sér veglegan sess í skólakerfi landsins og meðal-einkunn nemenda þaðan verið yfir meðallagi nemenda í öðrum fjölbraudaskólum. Við fengum því þarna staðfestingu á fleygum ummælum eins af okkar ágætustu skólamönnum, að skóli er ekki bara hús, skóli er fólk. Og við erum sannfærðar um, að uppbygging framhaldsmenntunar á landsbyggðinni er hin rétta byggðastefna - ásamt góðum samgöngum.

Við fórum einnig í Hitaveitu Sauðárkróks, sem er ein af ódýrustu hitaveitum landsins og jafnframt einföldust að mati hitaveitustjórans. Við sannfærðumst um, að þar væri ekki um neina offjárfestingu að ræða. En eins og aðrar hitaveitur eiga þeir von á auknum álögum á reksturinn, ef tillögur ríkisstjórnarinnar verða samþykktar. Þær álögur munu valda hækken húshitunarkostnaðar um allt land. Síðan var ekið um höfnina og endað í Steinullarverksmiðjunni. Þar er reksturinn í járnum og má ekki mikið út af bera. Það er dæmigerður vinnustaður karla, fáar konur vinna þar, og báru myndir á veggjum vitni um það. En framkvæmdarstjórinn tók okkur af mikilli ljúfmennsku og sýndi okkur allt vinnsluferlið í steinullinni, þar sem hráefnið er aðallega sandur og loft.

**SKAGASTRÖND.** Kl. 15.00, alveg samkvæmt áætlun, vorum við Þórunn mættar á hreppsskrifstofunni á Skagaströnd. Þar tók Magnús sveitarstjóri á móti okkur og fór með okkur um plássið. Höfnin var skoðuð, viðbygging við leikskóla, dvalarheimili aldraðra og fleira. Skagaströnd kom okkur fyrir sjónir sem rólegt og vinalegt þorp, þar sem allir hefðu nóg að gera, en það hefur því miður breyst á síðustu dögum. Nú stefnir í fjöldaatvinnuleysi, þar sem fiskvinnslan á að færast út á sjó. Þarna eins og annars staðar þar sem atvinnulífið byggist á einu fyrirtæki er afkoma fólksins háð ákvörðunum þeirra sem „eiga“ kvótann. Eigendur skipanna geta ráðskast með hann án þess að sprýja fólkid, sem hefur árum saman unnið við vinnsluna og átt stærstan þátt í að skapa sterka stöðu þess sama fyrirtækis. En nú segja afkomutölurnar, að það eina sem borgi sig sé að frysta úti á sjó. Ekki fara fiskvinnslukonurnar þangað, þær hafa skyldur við heimili og börm. Kvennalistinn vill að kvótinn sé bundinn við byggðarlög, en ekki skip. Því miður á sú stefna ekki nægilegu fylgi að fagna, annars stæðu menn ekki frammi fyrir slíku dæmi sem á Skagaströnd.

En við Kvennalistakonur erum mjög ánægðar með ferðina, sem gaf okkur tækifæri til að sjá og hitta fólk á Norðurlandi vestra. Við erum þá betur í stakk búnar að takast á við þau málefni, sem snerta fólkid þar.

#### Anna Ólafsdóttir Björnsson segir frá:

**BLÖNDUÓS.** Ófeigur Björnsson bæjarstjóri tók á móti okkur Ingibjörgu Sólrunu og bauð í kaffi á Hótel Blönduósi. Við spjölluðum við hann og Ásrúnu Ólafsdóttur hótelstýru um ferðajónustuna og möguleika notalegra landsbyggðarhótel til að halda smæri ráðstefnur. Auk hótelsins er í þaum gistheimili og mjög skemmtilegt tjaldstæði á Blöndubökum og í sveitunum í kring ferðajónusta bænda eins og hún gerist best, t.d. hjá Ásgerði okkar í Geitaskarði.

Að því loknu fórum við í leiðangur upp að Húnavöllum. Þar er skóli fyrir sveitirnar í kring, en nemendum fer stöðugt fækkandi. Erindi okkar var þó fyrst og fremst að skoða hitaveitu Blönduóss og nágrannasveita, en með þessum sveitarfélögum er ágætt samstarf að sögn Ófeigs. Gestur Þórarinsson hitaveitustjóri, verkstjóri og allsherjarreddari bæjarins tók á móti okkur og veitti okkur hitaveitukokteil og uppfræðslu. Á vegum hitaveitunnar fer fram öflug fræðsla um hitasparnað og stillingar á mælum. Þetta mun hafa lækkað húshitunarkostnað


verulega. Við litum inn á sjúkrahúsið þar sem heilsugæsluálmán er tilbúin, ekkert vantar nema lyftu til að koma henni í gagnið. Við heyrðum af hugmyndum um að gera sjúkrahúsið að endurhæfingarspítala sem gæti gryntt á biðlistum annars staðar.

Pappírspokaverksmiðja staðarins er því miður komin á hausinn, en nýupsett framleiðslulína áburðarverksmiðjunnar og sementsverksmiðjunnar passa ekki fyrir íslenska pokaframleiðslu. Nú eiga Njarðvíkingar verksmiðjuna og hyggja á framleiðslu umhverfisvænna innkaupapoka. Á Blönduósi er rækjuverksmiðja sem gengur ágætlega, en framtíð hennar á þessum stað mun vera háð því að höfnin margfræga, sem er reyndar brimvarnargarður, komist í gagnið. Að lokum litum við inn á prjónastofu sem er að rísa úr rústum annarrar sem varð gjaldþrota, og þar var gott hljóð í fólkí.

**HVAMMSTANGI.** Við mættum á staðinn á sögulegri stund á meðan rannsóknarlöggreglan var að skoða Meleyrina. Bjarni Þór Einarsson sveitarstjóri tók á móti okkur við annan mann og sagði að fyrir Hvammstangabúa væru afdrif Meleyrinnar engin tíðindi. Þrátt fyrir yfirvofandi atvinnuleysi var engan bilbug að finna á sveitarstjórmarmönnum. Hreppurinn, sjúkrahúsið og Meleyrin hafa verið álíka stórir vinnuveitendur og nú er það von heimamanna að nýr aðilar taki við rekstri rækju- og skelvinnslu á staðnum. Við litum inn á sauma- og prjónastofuna Drífu. Þar er af og til nokkur óvissa um framtíð starfseminnar, en þetta er mikilvægur vinnustaður fyrir konur á ýmsum aldri. Við heimsóttum líka fjarvinnslustofuna á hæðinni fyrir ofan og þar lifa menn á ættfræðifíkn landsmanna, setja og brjóta um bækur um ættanna kynlega bland. Nú á að herja á Alþingi og fá verkefni þaðan, líklega þó ekki í ættfræði. Við fylgjumst spenntar með. Á sjúkrahúsínu er fyrt og fremst þjónusta við aldraða og þar er verið að byggja og breyta. Við enduðum heimsóknina á Vertshúsínu þar sem nýr eigendur hafa komið upp ágætis veitinga- og gististað eftir gjaldþrot fyrri eigenda.

Loks er þess að geta að Ingibjörg Sólrun stóð í ströngu að kyssa ættingja sína í öllum áfangastöðum og mælum við hér með því að í öllum slíkum ferðum verði höfð með ein sem á ættir sínar að rekja á svæðið.

**Óvist er hvaða landshlut verður næst fyrir valinu, en þær stöllur eru til alls vísar og þegar farnar að hlakka til.**



Haldinn var félagsfundur á Laugavegi 17 priðjudaginn 22. september. Þar var ákveðið að halda félagsfundi 3. hvem priðjudag í hverjum mánuði. Fundir verða því sem hér segir: Priðjudaginn 20. október, priðjudaginn 17. nóvember og svo jólfundur 15. desember. Næstu tveir fundir verða á Laugavegi 17 og byrja kl. 20.15.

Á septemberfundinum var mikið rætt um að koma af stað vinnuhópum og hafa þá efni fundanna í tengslum við þau viðfangsefni, sem verið er að fást við hverju sinni. Mikill áhugi var á að leita aukinna tækifæra í atvinnumálum kvenna á Reykjanesi, og vildu konur gjarna hafa ráðstefnu um það efni í vetur, e.t.v. í Bláalóninu. Næsti fundur, sem verður priðjudaginn 20. október á Laugavegi 17, verður því tileinkaður því viðfangsefni, og verður reynt að leggja áherslu á möguleika kvenna til að koma sér upp aðstöðu til atvinnureksturs.

Katrín Pálsdóttir.

## Konur standi vörð um rétt sinn

**Á félagsfundi Reykjanesanga Kvennalistans 22. sept. sl. var samþykkt svohljóðandi ályktun:**

Kvennalistakonur í Reykjaneskjördæmi fordæma ómarkvissar sparnaðaraðgerðir rikisstjórnarinnar. Ægerðirnar bitna harðast á konum og þeim, sem lægst laun hafa í þjóðfelaginu. Nú þegar hverfa konur í stórum stíl frá námi, og atvinnuleysi eykst stöðugt meðal kvenna. Enn sem fyrr er veist að þeim sem síst skyldi, m.a. með niðurskurði í heilbrigðispjónustu og skerðingu námslána. Og nú eru uppi tillögur um skerðingu fæðingarorlofs og hækkan vaxta í félagslega húsnæðiskerfinu. Á sama tíma eru ekki farnar leiðir til tekjuöflunar, svo sem sjölgun tekjuskattsprepa, skattlagning á fjármagnstekjur og aukið eftirlit með skattskilum.

Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt, að konur standi vörð um rétt sinn og láti duglega til sín heyra.